



# Hestamannafélagið Borgfirðingur

## Aðalfundur haldinn þann 29. nóv 2022 kl. 20:00 í Félagsheimilinu að Vindási Fundargerð

Formaður, Eyþór Gíslason setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Hann bar upp tillögu um að Sveinbjörn Eyjólfsson yrði fundarstjóri og Svala Svavarsdóttir ritari fundarins sem var **samþykkt samhljóða**.

Sveinbjörn tók við stjórn fundarins og byrjaði á því að gefa formanni, Eyþóri Gíslasyni orðið.

## Skýrsla stjórnar

Formaður fór yfir síðastliðið starfsár. Þar bar hæst Íslandsmót barna og unglunga sem félagið hélt í Borgarnesi og gekk það mjög vel. Þá vannst heilmikið í málum Selás ehf. og Vindás ehf. og er nú búið að einfalda rekstur reiðhallarinnar og greiða upp virðisaukaskattskvöðina á húsinu. (Skýrsla stjórnar birtist í heild sinni á heimasíðu félagsins).

## Reikningar félagsins

Þórdís Arnardóttir gjaldkeri fór yfir reikninga félagsins sem voru yfirfarnir og áritaðir af skoðunarmönnum félagsins fyrir fundinn.

**Úr efnahagsreikningi:** Eignir félagsins samtals: 89.319.939 kr. Skuldir samtals: 5.380.047 kr. Eigið fé samtals: 83.939.892 kr.

**Úr rekstrarreikningi:** Tekjur samtals: 17.046.745 kr. Gjöld samtals: 13.858.235 kr. Hagnaður fyrir afskriftir og vexti samtals: 3.188.510 kr. Hagnaður eftir afskriftir og vexti: 1.983.828 kr.

## Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga

Guðrún Fjeldsted þakkar stjórninni fyrir góð störf og spurði um tekjur af félagsheimilinu vegna leigu.

Helgi Helgason þakkaði fyrir og er ánægður með reikninginn sem er vel framsettur. Spyr afhverju eru afskriftirnar ekki settar inn í efnahagsreikninginn.

Þórdís svaraði og benti á að tekjurnar eru til staðar að hluta en hluti af þeim kemur inn á næsta reikningsár.

Marteinn svaraði varðandi afskriftir.

**Fundarstjóri bar upp reikninga félagsins til afgreiðslu og voru þeir samþykktir samhljóða**

## Skýrslur nefnda

**Reiðveganefnd:** Guðlaugur Antonsson fór yfir störf reiðveganefnar á starfsárinu.

### **Umræður um skýrslu reiðveganevndar:**

Guðlaugur Óskarsson sagði frá því að það sem hann hefur verið að gera undanfarið hefði hann átt að gera í samstarfi við Borgfirðing sem er að vinna að OK veginum. Hann fékk styrk frá SSV til að stika OK veginn fyrir nokkrum árum. Guðlaugur fór yfir vinnuna við veginn en nú er búið að stika leiðina. Mikilvægt að þessi leið verði farin og er hann búin að setja leiðina inn á track hjá LH. Leggur til að það þyrfti á næstu misserum að fara og hreinsa grjót en á nokkrum stöðum eru höft sem væri gott að hreinsa betur. Vildi gera grein fyrir þessu.

Guðrún Fjeldsted spurði um undirgöng við Brennistaði, spyr hvort að nefndin hafi talað við Vegagerðina um vinnu við þennan veg sem er þveraður tvisvar. Hvað kostaði þessi vegur og er vinnan við hann búin.

Hrefna B. Jónsdóttir óskaði eftir reiðveg við Þverárhlíðarveginn

Guðlaugur svaraði spurningum. 600.þús hafa farið í Ferkjubakkaveg á síðasta ári en átti að vera 300.þús. Alls 3,3 mkr. farið í þennan veg á árunum 2019-2022. Verkið er búið í bili. Svör frá Vegagerðinni eru að undirgöng séu til athugunar.

**Æskulýðsnefnd:** Helga Rósa fór yfir starfsemi æskulýðsnefndar.

**Húsnefnd félagsheimilis:** Marteinn fór yfir störf nefndarinnar.

**Selás ehf.** Hrefna fór yfir málefni Selás ehf. Unnið er að slitum félagsins og mun það ekki takast á þessu ári en örugglega á því næsta.

**Vindás ehf.** - Marteinn fór yfir málefni Vindás ehf. Mjög einfaldur rekstur þar sem Borgfirðingur er orðin leigjandi reiðhallarinnar og einungis eru núna leigutekjur og þrír gjaldaliðir.

Umræður um Vindás ehf. - Guðrún Fjeldsted kom með þá hugmynd að ráða starfsmann í þrif sem hægt er að samnýta í reiðhöll og félagsheimili.

## **Fjárhagsáætlun - kynning**

Þórdís Arnardóttir gjaldkeri fór yfir fjárhagsáætlun næsta árs sem verður birt á heimsíðunni,

### **Fundarhlé - kaffi**

Eyþór bað fundargesti að standa upp og minnst látinna félaga.

## **Verðlaunaafhendingar**

Þórdís og Eyþór afhentu viðurkenningar fyrir Íþróttamann Borgfirðings og var eftirtöldum veitt verðlaun:

3. sæti - Þorgeir Ólafsson 112 stig

2. sæti - Guðmar Þór Pétursson 144 stig

1. sæti - Kristín Eyr Hauksdóttir Holaker 355 stig

## Viðurkenningar og þakkir

Eyþór formaður kom upp og þakkaði félagsmönnum fyrir sjálfboðavinnu og góð störf í þágu félagsins. Þá sagði hann frá því að stjórn vildi þakka sérstaklega nokkrum aðilum sem hafa unnið í áratugi fyrir félagið og eru enn að störfum og veita þeim viðurkenningu og gjafir.

### Heiðraðir félagar sem verða heiðursfélagar í Borgfirðingi eru:

Marteinn Valdimarsson kom upp og tók við viðurkenningu og gjöf  
Guðrún Fjeldsted kom upp og tók við viðurkenningu og gjöf  
Halldór Sigurðsson kom upp og tók við viðurkenningu og gjöf  
Kristján Þormar Gíslaon (Sigurbór tók við viðurkenningu í hans fjarveru)

## Innganga nýrra félaga og úrsagnir

Úrsagnir úr félaginu eru 57 (hluti óskaði eftir úrsögn og hluti var strikaður út)

Innganga nýrra félaga vor 8

## Lagabreytingar

### 1. Breyting á 11 grein

*Greinagerð: Lagt til að taka út skipun rafmagnsnefndar og bæta við skipun reiðhallarnefndar. Verkefni rafmagnsnefndar eru ekki lengur fyrir hendi en kjósa þarf reiðhallarnefnd sem mun stýra starfsemi í reiðhöllinni.*

### Þá hljóðar fyrri hluti 11. gr. svona eftir breytingu:

11. grein - Starfsnefndir

„Stjórn félagsins er heimilt að skipa nefndir til að vinna að ákveðnum verkefnum og setja þeim starfsreglur. Eftirtalдар fastanefndir skulu skipaðar á aðalfundum félagsins:

Æskulýðsnefnd - Mótanefnd - Reiðvegnefnd - Vallar- og umhverfisnefnd - Laganefnd - Húsnefnd félagsheimilis - Beitarnefnd - Fræðslunefnd - Skemmtinefnd - **Reiðhallarnefnd**

### Fundarstjóri bar upp tillöguna og hún samþykkt samhljóða

### 2. Breyting á 14 grein

*Greinagerð: orðinu „veðsetja“ bætt við í fyrstu málsgrein.*

### Þá hljóðar 14. gr. svona eftir breytingu:

14 grein - Umsýsla fasteigna félagsins

„Stjórn félagsins er óheimilt að selja eða **veðsetja** fasteignir þess, kaupa fasteignir eða hefja byggingu þeirra, nema samþykki lögsmæts félagsfundar komi til. Ef stjórn hyggst leita samþykkis fundar fyrir slíkri ráðstöfun skal geta þess í fundarboði. Heimildir samkvæmt grein þessari skal nota innan tveggja ára frá því þær eru veittar.“

### Fundarstjóri bar upp tillöguna og hún samþykkt samhljóða

## Kosningar

**Beitarnefnd:** Ólafur Þorgeirsson formaður, Sævar Þórisson, Sigurður Örn Sigurðsson

**Reiðveganefnd:** Sveinbjörn Eyjólfsson formaður, Davíð Sigurðsson, Reynir Magnússon, Kolbeinn Magnússon, Halldór Sigurðsson

**Æskulýðsnefnd:** Helga Rósa Pálsdóttir formaður, Baldur Pétursson, Katrín Einarsdóttir, Hafdís Brynja Guðmundsdóttir

**Skemmtinefnd:** Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir formaður, Selma Raket Gestsdóttir, Vibeke Thoresen, Gyða Helgadóttir, Þórdís Fjeldsted

**Laganefnd:** Gunnar Örn Guðmundsson formaður, Sigurður Oddur Ragnarsson, Gíslína Jensdóttir.

**Fræðslunefnd:** Hildur Ýr Haraldsdóttir formaður, Eygló Hulda Óskarsdóttir, Oddur Björn Jóhannsson, Þórdís Fjeldsted

**Firmanefnd:** Rósa Björk Jónsdóttir formaður, Halldór Sigurðsson, Inga Vildís Bjarnadóttir, Guðmundur Kristinn Guðmundsson

**Mótanefnd:** Iðunn Silja Svansdóttir formaður, Halldór Sigurkarlsson, María Magnúsdóttir, Björg María Þórsdóttir, Eygló Hulda Óskarsdóttir

**Umhverfis- og vallarnefnd:** Reynir Magnússon formaður, Steinunn Árnadóttir, Valdimar Reynisson, Ísólfur Ólafsson, Húni Hilmarsson

**Húsnefnd:** Kristján Gíslason formaður, Marteinn Valdimarsson, Halldóra Harðardóttir, Ingibjörg Marteinsdóttir, Ragnheiður Hjörleifsdóttir

**Uppstillingarnefnd:** Jóhannes Jóhannesson, Helgi Helgason, Þóra Árnadóttir

**Reiðhallarnefnd:** Sigurpór Ágústsson formaður, Hildur Ýr Haraldsdóttir, Þórður Sigurðsson, Kristján Gíslason, Þórdís Arnadóttir, Heiða Dís Fjeldsted, Eyþór Gíslason, Sigurður Oddsson.

**Skoðunarmenn reikninga:** Jón Haraldsson, Helgi Helgason

**Varaskoðunarmenn reikninga:** Arna Pálsdóttir, Kristján Gíslason

## Stjórnarkjör

**Formaður til eins árs:** Eyþór Jón Gíslason

**Stjórnarmenn til tveggja ára:** Brynja Gná Bergmann Heiðarsdóttir, Kristín Kristjánsdóttir, Elísabet Ýr Kristjánsdóttir, Gunnar Halldórsson

**Til upplýsinga - Stjórnarmenn sem halda áfram (kosin á aðalfundi 2021):** Sigurpór Ágústsson, Þórdís Arnadóttir, Rósa Björk Jónsdóttir

Fundarstjóri bar upp tillögu um hverja nefnd - **allar nefndir samþykktar samhljóða**

Fundarstjóri bar upp tillögu um formann - **samþykkt samhljóða**

Fundarstjóri bar upp tillögu um nýja stjórnarmenn - **samþykkt samhljóða**

## **Ákvörðun um félagsgjöld og hagagjöld**

Tillaga um að hafa félagsgjöld óbreytt 10.000 kr.

### ***Fundarstjóri bar upp tillöguna - Samþykkt samhljóða***

Tillaga um óbreytt hagagjöld, sumarbeit 4.500 kr. haustbeit 4.000 kr. heilsársbeit 7.000 kr.

### ***Fundarstjóri bar upp tillöguna - Samþykkt samhljóða***

## **Önnur mál**

Fundarstjóri gaf orðið laust um önnur mál.

Guðrún Fjeldsted – þakkaði fyrir viðurkenninguna og gjöfina. Þykir mjög vænt um félagið sitt.

Marteinn - tekur undir með Guðrúnu, þakkar innilega fyrir sig, þakklátur fyrir að það sé tekið eftir því sem hann hefur unnið fyrir félagið.

Eyþór fékk orðið og kallaði Kristínu Eir íþróttamann Borgfirðings í fleiri myndatökur.

Eyþór þakkaði fráfarandi stjórnarmönnum fyrir góð störf og bauð nýja stjórnarmenn velkomna í stjórn. Þá þakkaði hann öllum fyrir komuna og óskaði öllum góðrar heimferðar.

Ekki fleira gert og fundi slitið 21:50.

Sveinbjörn Eyjólfsson fundarstjóri

Svala Svavarsdóttir fundarritari